

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2545
komudagur 18.5.2012

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 18. maí 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt (666.mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur m.a. í sér breytingar á endurgreiðsluákvæðum virðisaukaskattslaga.

Viðskiptaráð gerir einkum eina athugasemd við frumvarp þetta er lýtur að lokamálsgrein 5. gr. og 6. gr. þess. Ákvæðin kveða á um að endurgreiðsla virðisaukaskatts sé háð því skilyrði að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskiptin eiga sér stað. Með því eru sömu kröfur gerðar til endurgreiðsluþega virðisaukaskatts, t.a.m. íbúðarhúsa eigenda í viðhaldsframkvæmdum og erlendra ferðamanna og fyrirtækja, og gerðar eru til virðisaukaskattskyldra atvinnufyrirtækja.

Markmiðið er góðra gjalda vert, þ.e. að koma í veg fyrir bein útgjöld ríkissjóðs þegar virðisaukaskattur er endurgreiddur til kaupanda án þess að seljandi viðkomandi vöru hafi skilað skattinum inn. Viðskiptaráð dregur hins vegar í efa réttmæti þess að leggja þær skyldar á herðar fólks í viðhaldsframkvæmdum og erlenda ferðamenn að haga innkaupum sínum í samræmi við upplýsingavef ríkisskattstjóra um skráð virðisaukaskattúmer. Er það bæði erfitt í framkvæmd, t.d. í þeim tilvikum þar sem seljendur starfa undir ákveðnum heitum eða vörumerkjum sem ekki bera nafn hins skráða fyrirtækis, og þá er ljóst að með endurgreiðslubeiðni til RSK leggur t.a.m. íbúðarhúsa eigandi fram gögn sem eru nægur grundvöllur fyrir embættið til að úrskurða seljanda á virðisaukaskattsskrá og gera honum að greiða umræddan virðisauksskatt.

Viðskiptaráð leggur til að ofangreind ákvæði verði felld brott.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands